

**Ed.**

**187. Frumvarp til laga**

[126. mál]

um kvikmyndasjóð.

Flm.: Ragnar Arnalds, Axel Jónsson, Jón Árm. Héðinsson,  
Steingrímur Hermannsson.

**1. gr.**

1. gr. laga nr. 50 5. júlí 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð, orðist svo:  
Hlutverk menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs er að styðja íslenska menningu  
með því að efla listir og vísindi.

**2. gr.**

2. gr. sömu laga orðist svo:  
Menntamálaráð hefur á hendi yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs.  
Menntamálaráð gerir árlega áætlanir um tekjur og gjöld sjóðanna, og skulu þær  
bornar undir menntamálaráðherra til samþykktar. Tekjur sjóðanna og þeirra  
stofnana, sem reknar verða á vegum þeirra, má eingöngu verja í þágu sjóðanna.

3. gr.

A-liður 3. gr. sömu laga orðast svo:

Gjald af aðgöngumiðum að dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtana-skatt.

4. gr.

D-liður 4. gr. sömu laga fellur niður.

5. gr.

Á eftir 5. gr. sömu laga komi ný grein svo hljóðandi:

Hlutverk kvikmyndasjóðs er:

- a) Að styrkja og efla íslenska kvikmyndagerð með beinum fjárstyrkjum, lánnum, ábyrgðum og verðlaunum.
- b) Að koma á fót kvikmyndasögusafni, sem heimilt skal að sýna kvikmyndir sínar á sýningum, sem undanþegnar eru öllum opinberum gjöldum.
- c) Að stuðla á annan hátt að bættri kvikmyndamenningu, m. a. með því að verðlauna kvikmyndahús, sem fram úr skara við val á góðum kvikmyndum og barnamyndum til sýninga.

Lán og ábyrgðir, sem veitt eru höfundum eða framleiðendum íslenskra kvikmynda, mega nema allt að 80% af kostnaði við gerð myndarinnar.

6. gr.

Á eftir nýrri grein í sömu lögum, sbr. 5. gr., komi önnur ný grein, svo hljóðandi:

Tekjur kvikmyndasjóðs eru þessar:

- a) Stofnframlag úr ríkissjóði og árlegt framlag samkvæmt ákvæðum fjárlaga hverju sinni.
- b) Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.
- c) Vextir af innistæðufé sjóðsins og verðbréfum.

7. gr.

A-liður 7. gr. sömu laga orðist svo:

Að hafa með höndum yfirstjórn menningarsjóðs og kvikmyndasjóðs og ákvarða um árlega heildarskiptingu á tekjum sjóðanna. A. m. k. fimmta hluta af tekjum kvikmyndasjóðs skal varið til að koma upp kvikmyndasögusafni.

Úthlutun lána og styrkja eða veiting ábyrgða og verðlauna úr kvikmyndasjóði, sbr. 6. gr., fer fram á sérstökum fundum ráðsins, og skulu þá tilkvaddir fulltrúar frá samtökum kvikmyndahúsaeigenda, samtökum kvikmyndagerðarmanna, Bandalagi íslenskra listamanna og samtökum kvikmyndaklúbba með fullum atkvæðis- og tillögurétti.

E-liður sömu greinar fellur niður.

Á eftir 1. mgr. komi ný mgr., svo hljóðandi:

Nánari ákvæði um starfsemi kvikmyndasjóðs og kvikmyndasögusafnsins skulu sett með reglugerð, þ. á m. um sérstaka stjórn safnsins.

8. gr.

1. málsg. 8. gr. sömu laga orðist svo:

Menntamálaráðherra skipar forstjóra menningarsjóðs að fengnum tillögum menntamálaráðs. Skal honum falið að annast daglega stjórn og fjárreiður sjóðsins, svo og kvikmyndasjóðs, og sjá um framkvæmdir á ákvörðunum menntamálaráðs.

#### 9. gr.

Fyrirsögn I. kafla sömu laga verði: Um menningarsjóð og kvikmyndasjóð.

Þegar lögnum hefur verið svo breytt, skulu breytingarnar, ásamt ákvæðum laga nr. 35/1971, felldar inn í meginmál laganna og þau gefin út undir fyrirsögninni: Lög um menningarsjóðs, kvikmyndasjóð og menntamálaráð.

#### 10. gr.

2. flokkur 2. gr. laga um skemmtanaskatt, nr. 58 12. maí 1970, orðist svo:

Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

Af skemmtunum, sem til þessa flokks teljast, greiðist 10% skattur af brúttóverði seldra aðgöngumiða.

#### 11. gr.

5. flokkur 2. gr. sömu laga orðist svo:

Nú eru vinveitingar um hönd hafðar í veitinga- eða samkomuhúsi, án þess að skemmtanaskattur sé greiddur samkvæmt ákvæðum 1. eða 3. flokks, og skal þá greiða 24 kr. í skemmtanaskatt og 6 kr. í menningarsjóð fyrir hvern mann, er aðgang fær að húsinu að kvöldi á þeim tíma, er ákveðinn verður í reglugerð. Upphæðum þessum skal breytt í byrjun hvers árs í samræmi við breytingar, sem gerðar eru á verði íslensks brennivíns hjá útsölu Áfengisverslunar ríkisins.

#### 12. gr.

8. gr. sömu laga orðist svo:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða samkvæmt 2. flokki 2. gr. og að dansleikjum samkvæmt a-lið 3. flokks sömu greinar. Nemur gjald þetta 10% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að kvikmyndahúsum, og rennur það í kvikmynda-sjóð, og 3% af brúttóverði seldra aðgöngumiða að dansleikjum, og rennur það í menningarsjóð.

Um innheimtu gjaldsins gilda sömu reglur og um innheimtu annars skemmtana-skatts samkvæmt lögum þessum.

#### Greinargerð.

Kvikmyndagerðarlist hefur verið meira vanrækt á Íslandi en nokkur önnur listgrein. Ástæðurnar eru í fyrsta lagi hinn mikli kostnaður, sem óhjákvæmilega fylgir gerð kvikmynda, en svo að dæmi séu nefnd er lágmarks-kostnaður við gerð 100 mínútna leikinnar myndar nú talinn vera um 7 millj. kr. og einfaldasta heimildar-kvikmynd, sem aðeins tekur 20 mínútur að sýna, kostar nú 1.5—2 millj. kr. Í öðru lagi er óneitanlega um að ræða útbreytt skilningsleysi á vandamálum íslenskrar kvik-myndagerðar. Á síðari árum hefur þó vaknað talsverður áhugi á því, að stofnaður yrði sérstakur sjóður, er veitti lán og styrki til kvikmyndagerðar, og á árinu 1972 safnaði menntamálaráðuneytið upplýsingum með milligöngu sendiráða Íslands í Vestur-Evrópu um opinbera fyrirgreiðslu við innlenda kvikmyndagerð í Evrópulöndum. Eftirfarandi upplýsingar eru byggðar á gögnum, sem menntamálaráðuneytið hefur látið flutningsmönnum frumvarpsins í té:

Í Danmörku hafa lengi verið í gildi lög um kvikmyndir og kvikmyndahús með ákvæðum um Dönsku kvikmyndastofnunina. Stofnunin rekur kvikmyndaskóla, leikmunasafn og lánar út kvikmyndir, en hefur jafnframt með höndum veitingu lána og ábyrgða til framleiðenda innlendra kvikmynda. Tekjur stofnunarinnar hafa verið 10% gjald, sem innheimt hefur verið með aðgangseyri að kvikmynda-húsum. Gjaldið er nú 7%, verður 4% á næsta ári og fellur alveg niður 1975.

Í Noregi hafa styrkir til kvikmyndagerðar verið greiddir úr ríkissjóði og numið 35% af brúttótekjum miðað við selda aðgöngumiða, en fyrir 3 árum var stofnaður sérstakur kvikmyndasjóður.

Í Svíþjóð hefur Sænska kvikmyndastofnunin með höndum starfsemi til styrktar kvikmyndagerð og fær til þess gjald af kvikmyndasýningum. Stofnunin velti 15 milljónum sænskra króna rekstrarárið 1969—1970.

Í Finnlandi er 4% gjald innheimt við sölu aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, og er 80% af gjaldinu varið til styrktar innlendri kvikmyndagerð.

Í flestum öðrum Evrópulöndum hafa verið sett lög um opinberan stuðning við kvikmyndagerð og þá víða með stofnun sérstaks sjóðs í þessu skyni.

Í frumvarpi þessu er ráð fyrir því gert, að stofnaður verði kvikmyndasjóður með 10 millj. kr. stofnframlagi úr ríkissjóði, en að öðru leyti fái sjóðurinn tekjur með 10% gjaldi, sem innheimt verði með aðgangseyri að kvikmyndahúsum. Sjóðurinn verði undir yfirstjórn menntamálaráðs og í unisjá og vörslu skrifstofu menningarsjóðs.

Skemmtanaskattur af kvikmyndasýningum er nú 15% og nemur ca. 20 millj. kr. Af þeirri upphæð renna 10% til Sinfóníuhljómsveitar Íslands og 90% í félagsheimilasjóð. Við þetta bætist 1.5% miðagjald, sem runnið hefur í menningarsjóð, og er því skemmtanaskatturinn í heild 16.5%.

Með þeirri breytingu, sem felst í frumvarpinu, greiða kvikmyndahúsagestir 3.5% hærra gjald en áður var, Sinfóníuhljómsveit og félagsheimilasjóður missa 5% skemmtanaskatt og menningarsjóður missir 1.5%, en samanlagt er þetta 10% af aðgöngumiðaverði kvikmyndahúsa og rennur, eins og áður segir, í kvikmyndasjóð. Til þess að bæta Sinfóníuhljómsveitinni, félagsheimilasjóði og menningarsjóði þennan tekjumissi, er gert ráð fyrir því í frumvarpinu, að svonefnt rúllugjald, sem greitt hefur verið fyrir aðgang að vinveitingahúsum, verði hækkað úr 10 kr. í 30 kr.

Ýmsir eru vaflaust andvígir því, að verð aðgöngumiða að kvikmyndahúsum hækki vegna tilkomu kvikmyndasjóðs, og halda því fram með miklum rétti, að skattlagning aðgöngumiða sé þegar orðin í mesta lagi. Áður en 16.5% skemmtanaskattur er lagður á verð aðgöngumiða, er búið að leggja 17% söluskatt á aðgangseyrinn, og þar að auki er a. m. k. í Reykjavík lagður 5% skattur á verð aðgöngumiða skv. l. nr. 78 4. febr. 1952 um gjald af kvikmyndasýningum, og rennur hann í borgarsjóð. Ef óaðgengilegt þykir, að skattlagning aðgöngumiða verði nú enn aukin um 3.5%, virðist liggja beinast við að lækka eða afnema með öllu skattinn skv. l. nr. 28. 4. febr. 1952, en þessi skattur er ætlaður sveitarstjórnun og virðist lítinn rétt eiga á sér, enda mun hann óvíða hafa verið innheimtur utan Reykjavíkur. Í frumvarpinu er þó ekki gerð tillaga um afnám þessa skatts að svo stöddu, en rétt er að skoða nánar þessa leið við meðferð málsins á Alþingi.

Í 5. og 7. gr. frumvarpsins eru ákvæði um stofnun kvikmyndasögusafns. Mikil nauðsyn er á því, að þess háttar stofnun sé komið upp, sem safni cintökum kvikmynda, er hafa kvikmyndasögulegt gildi eða sérstakt gildi fyrir sögu Íslands. Starfsemi þessa safns verður að sjálfsgöðu allt annars eðlis en starf Fræðslumyndasafnsins, sem hefur svipað verksvið og skólabókasöfn, en kvikmyndasögusafn hefur aftur á móti hliðstæðu hlutverki að gegna og þjóðskjalasafn eða bókmenntadeild landsbókasafns. Stjórn þessa safns þarf því að vera skipuð sérmenntuðum mönnum um kvikmyndalist, og er því skv. 7. gr. gert ráð fyrir, að nánari ákvæði um starfsemi og aðsetur safnsins verði sett með reglugerð.

Þess má að lokum geta, að við meðferð frv. til l. um skemmtanaskatt á þinginu 1969—1970 komu málefni íslenskrar kvikmyndagerðar mjög til umræðu, og var því þá sérstaklega lýst yfir í nefndaráliti menntamálanefndar neðri deildar, að nauðsyn bæri til, að lög yrðu sett til stuðnings íslenskri kvikmyndagerð. Af því hefur þó ekki orðið, og er ekki seinna vænna, að Alþingi taki nú loks af skarið um stuðning við þessa vanræktu listgrein.